


## *Faðir vor*

Ég kveiki á kertum mínum
við krossins helga tré.
Í öllum sálmum sínum
hinn seki beygir kné.
Ég villtist oft af vegi.
Ég vakti oft og bað.
Nú hallar helgum degi
á Hausaskeljastað.

Í gegnum móðu' og mistur
ég mikil undur sé.
Ég sé þig koma, Kristur,
með krossins þunga tré.
Af enni daggir drjúpa,
og dýrð úr augum skín.
Á klettinn vil ég krjúpa
og kyssa sporin þín.

Ég fell að fótum þínum
og faðma lífsins tré.
Með innri augum mínum
ég undur mikil sé.
Þú stýrir vorsins veldi
og verndar hverja rós.
Frá þínum ástareldi
fá allir heimar ljós.

*Þjóðlag - Hallgrímur Pétursson*





## *Moldun*

*Almennur söngur*

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson*

## *Blessun*

## *Útgöngulag*

*Nú legg ég augun aftur / Ég fel í forsjá þína*

*Foersom / Sveinbjörn Egilsson / Matthías Jochumsson - P.C. Krossing 1820*

*Prestur: Sr. Þráinn Haraldsson*
*Organisti: Hilmar Örn Agnarsson*
*Einsöngur: Björg Þórhalldóttir*
*Kór: Kammerkór Akraneskirkju*
*Hljómborð og einsöngur: Flosi Einarsson*
*og Ylfa Flosadóttir*
*Útfararþjónusta Akraneskirkju*

***Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug og bjóða kirkjugestum að þiggja veitingar í Safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni***

*Litróf umhverfisvæn prentsmiðja*

# *Guðrún Jóna Vilhjálmsdóttir*

*Fædd 20. apríl 1931*
*Dáin 21. apríl 2023*



*Útför frá Akraneskirkju*
*þriðjudaginn 16. maí 2023*

## *Forspil*

*Pie Jesu*

*Gabriel Fauré*

## *Bæn*

*Drottinn er minn hirðir, 23. Davíðssálmur*

Heyr, himna smiður,
hvers skáldið biður,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,
að græðir mig,
minnst, mildingur, mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú, röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hölds hverri sorg
úr hjartaborg.

Gæt, mildingur, mín,
mest þurfum þín
helst hverja stund
á hölda grund.
Set, meyjar mögur,
máls efni fögur,
öll er hjálp af þér,
í hjarta mér.

*Kolbeinn Tumason*

## *Ritningarorð*

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt
hverju orði fylgir þögn
og þögnin hverfur alltof fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt
aldrei nær að græða grund.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund
því fegurðin í henni býr.

*Bragi Valdimar Skúlason*

## *Ritningarorð*





Nú vil ég enn í nafni þínu,
náðugi guð sem léttir pínu,
mér að minni hvílu halla
og heiðra þig fyrir gæsku alla.

Þáða af þér á þessum degi,
því er skylt ég gleymi eigi,
en ég má það aumur játa,
angri vafinn sýta og gráta.

Móðgað hef ég margfaldlega
mildi þína guðdómlega.
Útslétt mínar syndir svartar,
sundurkramið lækna hjarta.

*Þjóðlag - Hallgrímur Pétursson*

## *Guðspjall*





## *Einsöngur*

*Rósin*

*Friðrik Jónsson - Guðmundur Halldórsson*

## *Minningarorð*

## *Einsöngur*

*Ég bið þig guð að gæta mín*

*Erlent lag - Ingibjörg R. Magnúsdóttir*

## *Bæn*

## *Einsöngur*

*Amma Dúna*

Með hlýjan faðm og hugarþelið blítt.
Hjartað fullt af kærleik uns dagur dvín.
Öll þín börn sem unnu þér svo hlýtt.
Í dag þau lúta höfði og sakna þín.

Megi ljóssins friður ávallt fylgja þér.
Fallega blóm, þú sem gafst oss trúna.
Við erum villt af leið, því þú ert ei hér.
Við þökkum fyrir allt, elsku amma Dúna.

*Flosi Einarsson - Tómas Finnur Guðmundsson*

